

Reglur um reikningshaldslega meðferð styrkja hjá ríkisstofnunum í A-hluta

Í lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, eru ákvæði um reikningsskil ríkisins. Í 1. gr. laganna segir að bókhaldi ríkisaðila skuli haga á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri þeirra og efnahag. Í 2. málslíð 1. gr. segir enn fremur: „Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í lögum þessum gilda ákvæði laga nr. 145/199 um bókhald og laga nr. 3/2006 um ársreikninga svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur.“

Þar sem engar sérreglur eru í nefndum lögum um fjárreiður ríkisins um reikningshaldslega meðferð styrkja verður að líta þannig á að ákvæði laga um ársreikninga, nr. 3/2006, gildi um það efni hjá A-hluta stofnunum og öðrum ríkisaðilum. Lög um ársreikninga og almennar reikningsskilavenjur eru mjög afdráttarlaus um þetta efni. Meginreglan er að ávallt skal jafna gjöldum á móti tekjum innan reikningstímabils.

Í 11 gr. laga um ársreikninga er fjallað um grunnforsendur ársreiknings. Þar segir í 3. tl.: „Við mat á einstökum liðum skal gætt tilhlýðilegrar varkárni og skal þannig m.a. aðeins tekjufæra hagnað sem er áunninn fyrir lok reikningsárs. Í 4. tl. sömu greinar segir að gjöld og tekjur sem varða reikningsárið skuli færa í ársreikning án tillits til þess hvenær greitt er. Loks má nefna ákvæði 25. gr. ársreikningslaganna en þar segir: „Áætlaður hagnaður af samningi um langtímaverkefni skal innleystur hlutfallslega eftir því sem verkefninu miðar. Áætlað tap af samningi um langtímaverkefni skal gjaldfæra strax.“

Með hliðsjón af framanrituðu eru settar eftirfarandi **leiðbeinandi reglur um meðferð styrkja**

Meginreglur

Veittur styrkur: Styrkveitendur skulu ávallt gjaldfæra veitta styrki á því reikningsári sem formleg ákvörðun um styrkveitingu er tekin.

Mótttekinn styrkur: Ávallt skal jafna gjöldum á móti tekjum innan reikningsárs. Styrkþegi skal ekki færa styrk til tekna í bókhaldi sínu fyrir en við móttöku. Skiptir þá ekki máli þó fyrir liggi ákvörðun um að hann hafi fengið úthlutaðan styrk. Við móttöku styrks skal meginreglan vera sú að bókfæra innborgunina (debet) á aðalbankareikning stofnunarinnar og á móti (kredit) á skuldareikning fyrir hvern styrk. Eftir því sem verkinu miðar skal mánaðarlega gerður tekjureikningur sem færast (kredit) til tekna hjá stofnuninni og á móti (debet) á skuldareikning viðkomandi styrks. Staðan á skuldareikningi hvers styrks á þá alltaf að sýna hve miklu sé ólokið af því verkefni sem styrkurinn var veittur til.

Í vissum tilvikum geta aðstæður verið þannig að gerð er krafa um að haldið sé sérstaklega utan um mótttekinn styrk (debet) á sérstökum bankareikningi og á móti (kredit) á skuldareikning vegna styrksins. Þetta skal eingöngu gert ef styrkveitandi krefst þess. Sérstaki bankareikningurinn er þá meðhöndlaður eins og um vörslufé sé að ræða. Hér er gert ráð fyrir að vaxtatekjur af hinum sérstaka bankareikningi bætist við það sem til ráðstöfunar er.

Undantekning frá meginreglu

Sé um að ræða innbyrðis styrki á milli A-hluta stofnana er heimiluð undantekning frá meginreglu að því tilskyldu að sýnt þyki að tekjur og gjöld sem tengjast styrknum falla til að öllu leyti á því ári sem hann er veittur. Í slíkum tilvikum er heimilt að gjaldfæra styrkinn hjá þeirri A-hluta stofnun sem veitir hann og tekjufæra hann samtímis hjá þeirri A-hluta stofnun sem tekur við styrknum.

Þessi undantekning á þó aldrei við um styrki sem veittir eru úr sjóðum sem Rannsóknarmiðstöð Íslands hefur umsjón með. Meðhöndlun slíkra styrkja skal ávallt fylgja meginreglu um móttækna styrki.